



Aðalfundur SSSK



Samtökin héldu aðalfund fimmtudaginn 28. apríl síðast liðinn. Gestur fundarins var Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri í Reykjavík. Ragnar kaus að hafa innlegg sitt á spjallnótum og sagði m.a. frá fyrirhuguðum breytingum á Menntasviði. Þær fela meðal annars í sér að sameina leik- og grunnskólasvið undir einn hatt. Ragnar var góður gestur, eins og vænta mátti. Stjórnarkjör var einfalt; öll stjórnin endurkjörin og skoðunarmenn reikninga einnig. Ein breyting á lögum félagsins var samþykkt sem laut að því að breyta orðalaginu „endurskoðendur“ ársreiknings í „skoðunarmenn“. Ákveðið var að félagsgjöld yrðu hækkuð um 40% á milli ára. Hægt er að nálgast **fundargerðina** og **skýrslu stjórnar** fyrir árið 2010 á heimasíðu SSSK: www.ssk.is (lykilorð að innskráningu sent í tölvupósti), eða nálgast þær prentaðar á skrifstofu SVP í Borgartúninu.

Félagsgjöld næsta árs verða:

Nemendafjöldi	Árgjald
1-40	28.000
41-80	52.500
81-120	77.000
121-200	115.500
200+	154.000

Að loknum aðalfundarstörfum var slegið á léttu strengi í orðsins fyllstu merkingu því þeir Matthías Stefánsson og Vignir Þór Stefánsson léku fyrir fundargesti á fiðlu og hljómborð. Góðar veitingar, sem undirstrikuðu góða samverustund, voru einnig á boðstólum.

Harpan frátekin fyrir næstu ráðstefnu og árshátíð SSSK

Þær Ída og Sigríður Anna eru þegar farnar að huga að ráðstefnu og árshátíð SSSK á næsta ári, 2012. Búið er að panta sal í Hörpu okkar landsmanna sem verður án efa falleg og góð umgjörð utan um þennan mikilvæga viðburð í starfi Samtaka sjálfstæðra skóla. Síðasta ráðstefna og árshátíð tókust með miklum ágætum og því er ráð að taka daginn strax frá og gera ráð fyrir í skipulagi næsta skólaárs:

Föstudagurinn 9. mars 2012



Frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögum

Breytingar á grunnskólalögum eru í deiglu. SSSK hefur gefist kostur á að senda inn umsögn og breytingartillögur og hefur talsverð vinna verið lögð í að lesa yfir, skiptast á skoðunum og koma viðhorfum og sjónarmiðum okkar á framfæri þar sem augljósir hagsmunir eru í húfi. Nálgast má umsögn og athugasemdir frá SSSK með því að smella **hér**.